

## Skólaráðsfundur 4.2. 2019

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, fulltrúar foreldra: Ólöf K. Sívertsson og Kristín Ásta Ólafsdóttir. Fulltrúar kennara Sigríður Halldórsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir. Fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir. Fulltrúi grenndarsamfélags: Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir. Fulltrúar nemenda; Elva Sif Hlynsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Handbók skólaráðs:

Farið í gegnum handbókina og spurt hvort einhverjir séu með athugasemdir varðandi breytingar á henni og það var ekki talin þörf á því. Jóhanna kemur með hugmynd um að koma á fundi með nemendasamfélaginu og svo með öllu skólasamfélaginu, þ.e. opinn fund um málefni skólans eins og kveðið er á um í reglugerð um starfsemi skólaráðs (sjá handbók). Þyrfti þá að vera afmarkað umræðuefni. Ólöf stingur upp á skólaþingi eins og hefur verið talað um áður, þ.e. að sniðugt sé að samræma þessa tvo fundi. Kristín Ásta segir frá skólaþingi í Varmárskóla, hvernig það hefur verið gert þar. Jóhanna og Ólöf munu funda og gera drög að slíku skólaþingi og fundi skólaráðs með nemendasamfélaginu sem verður svo borið undir skólaráð.

Stefnumótun í handbók, farið yfir þætti þar og segir Jóhanna frá því að umhverfisnefnd verði stofnuð nú á næstunni í skólanum sem samanstendur af starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Líka rætt um jafnréttisráð.

Farið yfir ýmsar starfsreglur skólaráðs. T.d. að ákveðið er í upphafi skólaárs hversu margir fundir eru á árinu. Jóhanna veltir upp hvernig ákveðið er hvað er á dagskrá og hvernig meðlimir skólaráðsins geti komið einhverju á dagskrá. Best að haga því þannig að meðlimir komi hugmyndum til Jóhönnu eða komi því að undir önnur mál eins og verið hefur. Í handbókinni er t.d. talað um veitingar og eru allir mjög ánægðir með veitingar á fundum, til fyrirmyndar.

2. Lesfiminiðurstöður janúar 2019

Farið yfir niðurstöður allra árganga og skoðað hvernig skólinn kemur út miðað við landsmeðaltal. Flestir árgangar yfir landsmeðaltali en mismikið.

Umræða um nýtt lestrarviðmið þar sem gefin er einkunn fyrir hversu mikið eða hversu oft nemendur lesa á mánuði. Ætlað að vera hvetjandi til að lesa meira heima sem vonandi hefur jákvæð áhrif á lesfiminiðurstöður.

Stungið upp á að setja inn frétt á vefsíðu skólans og ætlar Jóhanna að koma því áleiðis. Þá mun það einnig vera sett inn á facebook síðu skólans sem verður vonandi tilbúin á næstu dögum.

3. Ráðningamál: Verið er að leita að stærðfræðikennara og þarf að ráða hann inn fyrir lok mánaðarins. Svo vantar einnig dönskukennara í apríl.

4. Skóladagatal 2019 – 2020: Skólaráð upplýst um að vinna fer í gang á næstu dögum við að stilla upp nýju skóladagatali. Umræða um vetrarfrí, hugmyndir og skoðanir skólaráðs á því hvernig það er skipulagt. Ýmis sjónarmið viðruð og hugmynd að koma inn í könnun til foreldra hvernig þeir vilja helst hafa vetrarfríð.

## Skólaráðsfundur 4.2. 2019

### 5. Félagsstarf nemenda

- Árshátíð, Valentínusarpema í næstu viku. Flóni mun koma með skemmtiatriði. Matur frá Grillvagninum svo þetta verður dýrara en áður en örugglega mjög flott og skemmtilegt.
- Skíðaferð unglिंगadeildar fyrri partinn í mars.
- Foreldrafélagið fékk þá hugmynd að bjóða nemendafélaginu að taka við páskabingóinu og halda það. Þau fá þá ágóðann sem þau geta ákveðið sjálf hvert rennur, t.d. í ferðasjóð. Nemendafulltrúar telja líklegt að nemendafélagið vilji þetta og munu bera það undir félagið á næsta fundi.

### 6. Önnur mál

- Rætt um verkefnið Krakkar með krökkum.
- Komandi Facebook síðu fagnað sem fréttamiðli.
- Verið að leggja fyrir kannanir fyrir 5.-10.bekk frá Rannsóknir og greiningu.
- Stendur til að setja upp vatnsbrunna á ganga fyrir tilstilli umhverfisteymisins.
- Einnig verið að skoða ýmislegt varðandi flokkun.
- Heyrt frá nemendum í ráðinu um umræðu nemenda um símaleysi í Varmárskóla. Lítið rætt hér í skólanum en þær hafa heyrt óánægjuraddir frá unglिंगum í Varmá. Nemendur í ráðinu styðja símaleysi og telja það hvetja krakkana til að gera eitthvað annað, t.d. spila og spjalla. Væri t.d. hægt að ræða þetta á skólapingi.

Ritari: Erla Björnsdóttir